

Dæmi um vörpun eininga vegna náms við skóla sem ekki nota ECTS-einingar.

(1) Fullt grunnskólanám í Bandaríkjunum er almennt skilgreint samkvæmt skipulagi skóla sem 30 einingar. Þetta samsvarar þá 100% námsframvindu á skólaári og 60 ECTS-einingum hjá LÍN. Ljúki námsmaður t.d. 12 skólaeiningum samsvarar það 24 ECTS-einingum. (Einingarstuðull = 2).

(2) Fullt nám í bifvélavirkjun við Borgarholtsskóla er skilgreint samkvæmt skipulagi skóla sem 40 einingar. Þetta samsvarar þá 100% námsframvindu á skólaári og 60 ECTS-einingum hjá LÍN. Ljúki námsmaður t.d. 10 skólaeiningum samsvarar það 15 ECTS-einingum. (Einingarstuðull = 1,5).

(3) Full sjúkraliðanám við Fjölbautaskólann í Breiðholti er skilgreint samkvæmt skipulagi skóla sem 38 einingar. Þetta samsvarar þá 100% námsframvindu á skólaári og 60 ECTS-einingum hjá LÍN. Ljúki námsmaður t.d. 20 skólaeiningum samsvarar það 31,6 ECTS-einingum. (Einingarstuðull = 1,5789).